

5 febrúar 1988.

## Friðfinnur Kjærnested Konráðsson. Minning



Faðir minn, Friðfinnur Kjærnested.

Friðfinnur Kjærnested Konráðsson Minning Faðir minn, Friðfinnur Kjærnested Konráðsson, matsveinn, er látinn. Hann varð bráðkvaddur fyrir utan heimili sitt, Hverfisgötu 18, 24. janúar 1988. Friðfinnur var sonur hjónanna Konráðs Þorsteinssonar sjómanns og Sólrúnar Þóru Kristjánsdóttur. Systkini hans eru Kristín, búsett í Bandaríkjunum, Hinrik, býr í Noregi, og Ragnar í Reykjavík.

Friðfinnur var fæddur á Akureyri 3. apríl 1920. 1926 fer hann búferlum ásamt foreldrum til Hafnarfjarðar þar sem hann síðan elur allan sinn aldur.

Ungur hóf hann störf á togurum, eða 14 ára, og var ýmist kyndari, háseti ellegar matsveinn. Friðfinnur sigldi hinsvegar öll stríðsárin sem kyndari og erfiðaði lengst af í kolaboxum Bæjarútgerðartogarans Júní þau ár.

1947 kynntist hann Lilju Sigurðardóttur og hófu þau búskap í Halldórs koti á Hvaleyri (þar sem nú er golfvöllur Hafnfirðinga) stuttu síðar, en gengu í hjónaband 1953. Þeim auðnaðist 7 börn er bera nöfnin Bára Fjóla fóstura, fædd 1948, gift Halldóri Gunnlaugssyni. Guðmundur sjómaður, fæddur 1949. Reynir verkamaður, fæddur 1952. Undirritaður verkamaður, fæddur 1953. Sigurður verkamaður, fæddur 1954, kvæntur Karlottu Hafsteinsdóttur. Sólrún húsmóðir, fædd 1956, og Sigfríður verslunarmaður, fædd 1959.

Lilja átti fimm börn fyrir og heita (héttu) þau Ragnar, fæddur 1935, dáinn 1979. Birgir, verkstjóri, fæddur 1940, maki Sigurveig Gunnarsdóttir. Ingibjörg, húsmóðir, fædd 1942. Karólína Þóra, verslunarmaður, fædd 1946, gift Þórði Þorvaldssyni, og Magnea Inga, fædd 1944. Ólst ekki upp hjá foreldrum mínum.

1960 snýr Friðfinnur baki í botnvörpungana og flytur sig yfir á bátana og tekur alfarið yfir á sínar herðar kokkaríð, eins og sagt er á sjómannamáli, og hefur störf hjá Magnúsi Magnússyni, skipstjóra og útgerðarmanni úr Firðinum. Fyrst á mb. Hafrúnu, 70 tonna stálfleyi, síðan mb. Ingvari Guðjónssyni, 180-200 smálesta eikarbát. Um borð í síðarnefnda farkostinum tekur Friðfinnur þátt í síldarævintýrinu á sjötta áratugnum ásamt flestöllum íslenskum fiskimönnum. Frá þeim dýrðartímum átti hann margar minningar.

1967 ræður hann sig í skipsrúm hjá Viðari Þórðarsyni er stýrði Arnarnesi (Íshús Hafnarfjarðar) og starfaði með honum fram til 1975. Þar á eftir var Finni á ýmsum skipum og má þar nefna nokkra túra sem bryti í farmennsku. Friðfinnur gekk alkominn í land 1984.

1971 slitu foreldrar mínir samvistum og flyst Friðfinnur þá til móður sinnar, Sólrúnar Þóru, og Ragnars bróður síns í Suðurgötu 24 (Bristol). 1974 kaupir Sólrún Þóra húseignina Hverfisgötu 18 og tóku þau sig þrjú upp af Suður götunni skömmu síðar. Eftir lát móður sinnar kaupir Friðfinnur húsið og bjó þar til hinstu stundar. Seinustu 3 árin vann hann hjá Hafnarfjarðarbæ. Og læt ég þar með upptalningu minni lokið en vil enda grein mína á að víkja örfáum orðum að öðru í lífi þabba er mér persónulega finnst ótækt að sleppa.

Friðfinnur var mikill áhugamaður um ferðalög og ferðaðist þar af leiðandi afskaplega mikið um sitt fagra land. Þeir eru ófáir há- eða láglendisstaðirnir á Íslandi sem hann hafði ekki einhver tíma gisti á eða ekið um í græna Audi-bílnum. Á þessu flakki sínu, ef ég má orða það svo, byrjaði hann ekki fyrr en á efri árum. Enda tók hann ökuþrófið seint. Friðfinnur var yfirleitt einsamall á ferð, og væri hann spurður hverju það sætti, svaraði Finni gjarnan: "Þá segir enginn flýttu þér." Afbakkaði samt ekki samfylgd annarra, öðru nær. T.a.m. fór æskufélagi og vinur alla tíð, Baldur Helgason, sá mikli sómamaður, með honum í hálfsmánaðar reisu eitt sumarið og höfðu báðir yndi af. Ragnar bróðir hans slóst stöku sinnum í för.

Margar stórskemmtilegar sögur heyrði ég af vörum pabba úr áðurgreindum langferðum hans. Friðfinnur var bráðskemmtilegur sagnamaður þegar sá gállinn var á honum en hélt sig þó ævinlega viðstaðreyndir. Mér er eftirsjá í þeim sögum. En lífið heldur áfram þó ekki verði allt með sama sniði og áður. Einn vantar í hópinn. Já, ég mun sakna hans.

Með fátæklegum pistli mínum hér kveð ég föður minn, Friðfinn Kjærnested Konráðsson, hinstu kveðju. Vissulega er margt enn ósagt.

"Far þú í friði,  
friður Guðs þig blessi,  
hafðu þökk fyrir allt og allt. (V. Briem).

Konráð Friðfinnsson

20. janúar 2000

## LILJA SIGURÐARDÓTTIR. Minning.



Lilja Sigurðardóttir fæddist í Garðabæ 13. október 1913. Hún lést á Sólvangi í Hafnarfirði 12. janúar síðastliðinn. Foreldrar Lilju voru Sigurður Guðmundsson og Ingibjörg Guðmundsdóttir húsmóðir.

Systkini Lilju eru Sigurður, lengi starfsmaður á Vífilsstöðum, látinn, kvæntur Sigurbjörgu (Sissu). Þau bjuggu lengst af í Kópavogi ásamt börnum; Laufey, húsmóðir, látin, bjó mörg ár í Vestmannaeyjum með manni sínum Guðmundi Jólssyni, sjómanni, látinn, og börnum þeirra; Sigríður, húsmóðir, maður hennar var Kristján Andrésson, sjómaður, látinn, og bjuggu þau í Garðinum til fjölda ára og ólu börn sín upp þar.

Eiginmaður Lilju var Friðfinnur Konráðsson, sjómaður, f. 3. apríl 1920, d. 24. janúar 1988.

Börn Lilju eru: 1) Sigurbjörn Ragnar, f. 17. maí 1935, d. 6. mars 1979, lögreglumaður í Hafnarfirði, kvæntur Erlu Báru Andrésdóttur. Þau eignuðust tvo drengi. Erla Bára átti þrjú börn fyrir. 2) Birgir, f. 4. október 1940, starfsmaður hjá Íslenska álfélaginu, kvæntur Sigurveigu Gunnarsdóttur og eiga þau tvö börn saman. En Sigurveig átti tvö börn fyrir, þau búa í Hafnarfirði. 3) Ingibjörg, f. 12. júlí 1942, á fimm börn, hún býr í Grafarvogi í Reykjavík. 4) Magnea Inga, f. 16. janúar 1944. Magnea Inga ólst ekki upp hjá móður sinni frá tveggja ára aldri. 5) Karólína, verslunarmaður í Hafnarfirði, f. 31. október 1946. Giftist Þórði Þorvaldssyni, látinn, sjómanni og síðar lögreglumanni í Hafnarfirði og eignuðust þau þrjú

börn. 6) Bára Fjöla, leikskólakennari í Hafnarfirði, f. 10. júlí 1948, gift Halldóri Gunnlaugssyni, stýrimanni hjá Landhelgisgæslunni. Þau eiga tvo stráka. 7) Guðmundur, f. 2. nóvember 1949, sjómaður í Hafnarfirði. 8) Reynir, f. 20. júní 1952, verkamaður í Reykjavík. Reynir á einn dreng. 9) Konráð, f. 24. september 1953, stundar sjómannatrúboð í Hafnarfirði og Reykjavík. Ókvæntur. 10) Sigurður, f. 28. desember 1954, er starfsmaður hjá Ísal og býr í Hafnarfirði, kvæntur Karlottu Hafsteinsdóttur. Þau eiga þrjár stelpur. 11) Sólrún, f. 3. ágúst 1956. Húsmóðir í Hafnarfirði. Á tvær dætur. 12) Sigfríður, f. 20. september 1959, og er hún búsett í Reykjavík.

Lilja stundaði fiskvinnu á yngri árum og önnur verkamannastörf. Um tíma vann hún á búinu á Korpúlfsstöðum, sem Thor Jensen átti og rak með miklum glæsibrag á sinni tíð. Um tíma var hún flokksbundin í Alþýðuflokknum, sem á þessum árum var helsti málsvari íslenskra verkamanna.

Eftir að Lilja fæddi sitt fyrsta barn helgaði hún sig uppeldi barna sinna, heimilinu og velferð þeirra upp frá þeirri stundu. Lengi vel bjuggu Lilja og Friðfinnur í Halldóorskoti á Hvaleyri, þar sem nú er golfvöllur Hafnfirðinga. En á meðan þau bjuggu á Hvaleyrinni var búskapur stundaður á svæðinu og höfðu menn þarna hesta, kindur og mjólkandi kýr á að minnsta kosti tveimur bæjum. Í kringum 1960 fluttist Lilja úr Halldóorskoti á Hellisgötu 15 í Hafnarfirði og bjó hún þar í 16 ár.

Útför Lilju fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju í dag og hefst athöfnin klukkan 15.

Jarðvist okkar hefst er við fæðumst, en henni lýkur aftur á móti þegar við deyjum jarðneskum dauða. Þannig vil ég fá að minnast móður minnar í þessari grein minni. Um hálf tíuleytið, sama dag og hún dó, hringdi síminn og mér voru færð tíðindin.

Og óneitanlega gerist það, er slíkar fregnir berast manni til eyrna, að þá fer hugurinn á stjá og ýmsar minningar rifjast upp sem tengjast þessari manneskju. Henni móður minni. Og ég vil þakka Drottni mínum það að minningarnar eru bæði jákvæðar og góðar sem ég tengi við þessa konu. Var mamma enda alltaf einn af mínum bestu vinum og sú sem ég gat ávallt leitað til. Ég minnst þess alltént ekki að hafa fundið mig óvelkominn í húsi mömmu heldur þvert á móti hjartanlega velkominn, og rúmlega það.

En mig langar til að víkja nokkrum orðum að öðru. Eftir að síminn hringdi og mér voru sagðar fréttirnar um andlátid, þá sýndi Drottinn mér það að við, börnin hennar Lilju, fólkið sem hún bar sjálf í kviði sínum, fósraði þar og ól síðan í heiminn, og í heiminum, vorum fólkið sem henni þótti alltaf vænst um og elskaði mest allra. Við vorum unun hennar, líf hennar, vinir hennar og það sem hún lifði fyrir og þráði í hjarta sínu að hafa nærri sér. Og er elsti sonur hennar lést, Sigurbjörn Ragnar, kom sár í hjarta hennar og mikil sorg fyllti hana. Meiri kannski en nokkurn mann grunaði. En Lilja komst yfir sorgina. Vegna þess að tíminn getur læknað öll sár og mamma var að eðlisfari jákvæð og hugrökk manneskja og fær um að vinna bug á erfiðum kringumstæðum. Lífið var ekki alltaf létt. Eins og skilja má hjá manneskju sem ól tólf mannvænleg og heilbrigð börn. Og oft voru fjárráð knöpp. Mörg mál komu upp sem þurfti að leysa úr. Misjafnlega erfið viðureignar. Og þar fram eftir götunum. En öll börnin komust á legg og flugu svo eitt og eitt burt úr hreiðrinu, án þess þó að tengslin við hana rofnuðu. Síðan fóru barnabörnin að koma í pössun, og annað eftir því.

Svo færðist aldurinn yfir og kraftarnir fóru þverrandi og hún móðir mín eyddi síðustu æviárum sínum á elliheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði. Gömul kona, södd lífdaga. En ávallt þrúð og stillt. Eins og hennar var von og vísa. Og kom maður endrum og sinnum í heimsókn til hennar. Í hvert sinn er hún sá mann breiddist breitt bros yfir andlitið. Og er við settumst

niður lagði hún hendur sínar á handlegg minn, en það gerði hún yfirleitt er við hittumst, því heyrn hennar var orðin slæm sem gerði allar samræður stíðar. En í þetta sinn streymdi frá þessari öldnu manneskju þvílíkur kærleikur Guðs að ég hef ekki áður upplifað neitt slíkt frá neinni annarri manneskju. Sem sagði mér meira en mörg orð fá gert um elsku hennar. Drottinn var búinn að fylla mömmu með sýnum Heilaga Anda. Það sýndi Drottinn mér á þennan stórkostlega og eftirminnilega hátt. Algóður Guð getur notað sitt fólk til að blessa aðra með. Já, alveg fram í andlátíð. Þess vegna skulu menn halda áfram að biðja fyrir ástvinum sínum og gefast ekki upp. Guð svarar bænnum.

En nú er móðir mín, blessunin, komin til himna. Í ríki Föðurins á himnum. g þar mun ég hitta hana aftur. Eftir að ævi minni lýkur hér. Fyrirheit sem Drottinn Jesús Kristur vill gefa sérhverjum manni sem lifir undir sólinni. Sökum þess að Jesús Kristur er lífið sjálft sem nær útyfir þetta líf og inn í eilífðina. Alla leið til Guðs.

Að endingu vil ég fá að þakka mínum himneska Föður fyrir hina yndislegu móður mína, sem reyndist mér svo vel og gaf mér margt gott í veganesti sem ég bý enn að, sem mér þótti afskaplega vænt um og elskaði afar heitt. Guð blessi systkini mín, barnabörn Lilju, barnabarnabörn og aðra aðstandendur og styrki þau í sorginni.

Bræður mínir og systur. Á sama hátt og Jesús elskaði alla menn, skulum við einnig elska hvert annað. Í Jesú nafni. Amen.

Konráð Friðfinnsson.

24 apríl 1979

## **Sigurbjörn Ragnar Jóhannsson** Minning

Fæddur 17. maí 1935. Dáinn 6. mars 1979.



Sonur minn, bróðir og mágur okkar, Sigurbjörn Ragnar Jóhannsson, er látinn. Okkur langar til að kveðja kæran vin, með þessum örfáu línum. Sigurbjörn Ragnar Jóhannsson var sonur Lilju Sigurðardóttur og Jóhanns Jóhannssonar rakara.

Ragnar, eins og við kölluðum hann, ólst upp hjá móður sinni til 9 ára aldurs. Eftir það var hann um tíma hjá föðursystur sinni, Kristínu Jóhannsdóttur, eða til 14 ára aldurs.

Hann fluttist síðan aftur til móður sinnar og stjúpföður, Friðfinns Konráðssonar.

Ragnar fór ungur að vinna. Fyrstu árin var hann við vegavinnu úti á landsbyggðinni.

Seinna byrjaði hann að læra húsgagnasmíði, en lauk ekki því námi. Ragnar vann sem kranastjóri hjá Hafnarfjarðarbæ í nokkur ár.

Árið 1967 gekk Ragnar í lögreglu Hafnarfjarðar. Starf sitt stundaði hann af mikilli alúð og samviskusemi og þótti mikill fengur í að hafa hann í lögreglunni. Einkum var hann rómaður fyrir dagfarsprýði og virðulega framkomu.

Ragnar bjó með Sigrúnu Guðveigsdóttur í nokkur ár og áttu þau saman soninn Sigurð Jóhann.

Árið 1962 kvæntist hann eftirlifandi konu sinni, Erlu Báru Andrésdóttur, og tók að sér þrjú börn hennar frá fyrra hjónabandi og gekk hann þeim í föður stað. Stjúpbörnin eru Ólöf Björg, Sigurður Már og Andrés Guðmundsbörn.

Erla Bára og Ragnar eignuðust síðan þrjá syni, Reyni, Ragnar Óla og Gísla Þór. Þessi börn eiga nú um sárt að binda, þar sem þau hafa misst góðan stjúpföður og föður. Í 16 ár stóðu þau hjónin saman í blíðu og stríðu, þau unnu bæði mikið á heimilinu og utan þess, enda þarf mikið til að koma upp svo stórum barnahópi. Við þökkum lögreglumönnum í Hafnarfirði þá virðingu sem þeir sýndu hinum látna félaga.

Þegar lítið er til baka er margt að minnast.

Við fórum saman í ferðalög og útilegur og áttum þar ógleymanlegar samverustundir. Minningarnar munum við geyma í hjörtum okkar. Ragnar var dulur og hlédrægur maður, hann flíkaði ekki tilfinningum sínum, en enginn var betri vinur en hann.

Hann var greiðvikinn og rétti oft vinum og vandamönnum hjálparhönd þegar svo bar við.

Það er erfitt að sætta sig við að Ragnar sé látinn. Við söknum hans öll og biðjum algóðan Guð að vernda hann og blessa að eilífu.

Með þessum orðum viljum við kveðja kæran vin.

Móðir, systkini og makar.

## Þórður Ó. Þorvaldsson - Kveðja

Fæddur 26. febrúar 1934 Dáinn 15. maí 1992

Fallinn er frá fyrir aldur fram Þórður Ólafur Þorvaldsson, lögreglumaður í lögregluliði Hafnarfjarðar. Það voru okkur mikil sorgartíðindi er frétt barst 15. maí að hann væri látinn. Höfðum við félagar hans fylgst með ferð hans til London til að leita sér lækninga en þetta var önnur ferð hans til að gangast undir skurðaðgerð vegna illvígs hjartasjúkdóms og fór hann fyrir nokkrum árum í sama tilgangi. Fréttir bárust um að allt hefði gengið vel og kom Þórður heim og var lagður inn á Landspítalann þar sem hann vonaðist eftir að vera útskrifaður sama dag og hann lést. Þórður hélt utan 1. maí og er hann kom að kveðja vinnufélaga sína 30. apríl var skrafað í léttum dúr yfir kaffibolla, að hann hefði valið sér 1. maí til að fara til London og má segja að það hafi verið sérstakur hátíðisdagur í huga Þórðar sem var vinstriannaður. Ófáir

morgnar byrjuðu á því að rætt var um stjórnmal og var hann mjög rökfastur í skoðunum er hann túlkaði stjórnmalaskoðanir sínar. Þórður fór utan ásamt Karólínu, konu sinni, og eldri dóttur þeirra, Sigurlínu, og með þeim var Fjóla sem hafði farið út með honum í fyrri aðgerðina og var greinilegt að honum var styrkur í þessu samferðafólki sínu.

Með fráfalli Þórðar er genginn einn af traustari mönnum sem starfað hafa í lögregluliði Hafnarfjarðar en hann gat ekki unnið vaktavinnu í nokkur ár vegna hjartasjúkdóms. Honum hafði verið falið starf sem fólst í skráningu á slysum og umsjón með útgáfu skotvopnaleyfa og sóttu menn um að komast á skotvopnanámskeið hjá honum. Þetta starf vann Þórður af háttvísi og trúmennsku eins og öll þau störf sem honum voru lögð í hendur og þjónustulund var honum í blóð borin.

Þórður hóf störf hjá Lögreglunni í Hafnarfirði 1. júní 1972 og vann áður hjá Bæjarútgerð Hafnarfjarðar og á sínum yngri árum hjá Eimskipum. Þórði var í blóð borið að teikna og mála myndir. Hann hafði fyrir nokkrum árum komið sér upp húsvagni sem hann hafði fengið aðstöðu fyrir á Laugarvatni og hafði hann átt margar góðar stundir þar með fjölskyldu sinni á liðnum sumrum.

Það var gæfa hverjum manni að kynnast Þórði því þar fór einlægur og góður lögreglumaður sem ekki hafði sig mikið í frammi og sinnti öllu því sem honum var falið að gera. Nú hefur Þórður farið í sitt lokaútkall og viljum við félagar Þórðar í lögregluliði Hafnarfjarðar biðja algóðan guð að styrkja fjölskyldu hans á erfiðum sorgartímum.

Hvíli vinur minn í friði.

Gissur Guðmundsson, formaður Lögreglufélags Hafnarfjarðar.

10 september 1997.

## **Ragnar Konráðsson.** Minning.

Ragnar Konráðsson Það var hringt í mig að kvöldlagi fyrir skemmstu og mér borin sú fregn að föðurbróðir minn, góður vinur og umfram allt bróðir í Jesú Kristi, Ragnar Konráðsson, væri fallinn frá. Settist ég því niður til að rita fáein orð um okkar samskipti á síðustu árum.

Að vonum brá mér nokkuð við tíðindin þótt þau hafi raunar ekki komið mér algerlega í opna skjöldu. Var mér enda vel kunnugt um þau veikindi sem höfðu hrjáð Ragnar mörg undangengin ár.

Ragnar var rúmlega sjötugur er Drottinn tók hann til sín, í dýrðlegan faðm sinn.

Kynni mín af Ragga frænda, eins og ég kallaði hann yfirleitt, hófust fyrir alvöru eftir að ég komst til trúar (frelsaðist) 1989. Þau kynni eru mér ómetanleg. Einkum vegna þess hve Ragnar var fús til að miðla eigin reynslu í Jesú Kristi og þeim skilningi sem hann sjálfur hafði hlotið í trúnni á Frelsarann, með Guðs hjálp.

Ragnar gaf mér, sem sagt, mörg góð ráð varðandi kristna trú sem ég bý enn að. Og má segja að hann hafi kennt mér að lesa Biblíuna með réttum hætti. Sjálfum mér til gagns. Einnig var Ragnar duglegur að útlista fyrir mér ritningarstaði sem hjarta mitt átti í erfiðleikum með að skilja. Fyrir þær sakir er ég Drottni afar þakklátur, að Hann skyldi leiða okkur saman og gefa einlæga væntumþykju, hvor í annars garð.

Eftir að ég fluttist til Neskaupstaðar, þar sem ég bý nú, lágu leiðir okkar Ragnars ekki oft saman. Aldrei lét ég samt hjá líða að líta inn til hans, er ég sótti borgina heim.

Síðustu þrjú eða fjögur ár ævi sinnar bjó Raggi sem vistmaður á Elliheimilinu Grund í Reykjavík. Þar sem hann og lést.

Ég hitti Ragnar seinast í liðnum ágústmánuði. Þá blasti við mér sjúkur maður er sat í hjólastól. Farinn að heilsu og kröftum. En þrátt fyrir sín veikindi sá ég líka styrk, von, kærleika og fullvissu manns sem á sér trú um upprisinn Frelsara. Augu hans gátu ekki leynt mig þessu. Ég var ávallt djúpt snortinn af hinni miklu og ósveigjanlegu kristnu trú sem Ragnar átti í farteski sínu og bar með mikilli reisn, þátt fyrir allt og allt.

Betri grunn, og meiri styrk getur enginn gefið mönnum nema Jesú Kristur, og Drottinn sér til þess að maðurinn missir ekki kjarkinn þótt veikindi eða önnur óáran komi, Jesú bregst fráleitt þeim sem hefur gert sig að stólpa í sínu eigin lífi. Og þessu gerði Ragnar sér glögga grein fyrir.

Inni í litla herberginu, sem hann hafði á Grund, átti ég með Ragnari okkar síðustu stund, í ágúst sl. Og tileinkuðum við Frelsaranum stundina. Og henni lauk á þann hátt að ég dró uppúr vasa mínum Nýja testamentið og las fyrir Ragga 25. sálminn, að hans eigin beiðni. Ragnar tjáði mér að sálmurinn lýsti vel þeirri baráttu sem hann háði á þeirri stundu.

Já, ég sakna trausts og góðs vinar. Þakka jafnframt Drottni mínum fyrir þá einlægu og hræsnislausu trú sem Ragnar bar í hjarta sínu í ríkum mæli, allt til dauðadags. Trú sem hann vildi miðla til annarra.

Þessi óbilandi kristna trú Ragnars er líka sú mynd sem ég vil geyma í hjarta mínu til minningar um föðurbróður minn, vegna þess að sannari mynd er ég ófær um að draga upp af þessum manni. Ragnar Konráðsson var fyrst og fremst trúmaður og bænamaður sem treysti Jesú í öllum aðstæðum lífs síns.

23. sálmurinn var Ragnari kær alla tíð. Það er því ekki úr vegi að láta hann fylgja hér með:

"Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert breyta. Á grænum grundum lætur hann mig hvílast, leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta. Hann hressir sál mína, leiðir mig um rétta vegu fyrir sakir nafns síns. Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt, því að þú ert hjá mér, sproti þinn og stafur hugga mig. Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum, þú smyr höfuð mitt með olíu, bikar minn er barmafullur. Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína, og í húsi Drottins bý ég langa ævi." (23. Davíðssálmur)

Með þessari fátæklegu kveðju kveð ég vin minn, Ragnar Konráðsson, hinstu kveðju. Vissulega er hér aðeins imprað á fáu einu í æviferli Ragnars.

Ég votta sonum hans, dætrum og fyrrum eiginkonu mína dýpstu samúð, í Jesú nafni. Amen.

Konráð Friðfinnsson.